

## L Ö G

11

25. jan.

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

62. gr. laganna orðist þannig:

Þau sveitar- eða bæjarfélög, sem komið hafa á hjá sér fóðurbirgðafélagsskap samkvæmt lögum þessum eða lögum nr. 42 28. nóv. 1919, skulu undanþegin ákvæðum laga um forðagæzlu frá 10. nóv. 1913, meðan félagsskapurinn starfar og er viðurkenndur af atvinnunálaráðherra. Þeim sveitar- eða bæjarfélögum, sem stofnað hafa eftirlits- og fóðurbirgðafélög samkv. ákvæðum laga nr. 42 28. nóv. 1919 og fengið hafa staðfestar samþykktir fyrir þau, er heimilt að búa áfram við hið sama skipulag, enda njóti þau þá eigi styrks úr ríkissjóði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
Dörsteinn Briem.